


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	TIG 133	
	Vorönn 2012	

Kennari	Kristján Þ Kristinsson, Stefán Finnbogason	Sk.st.	KÞK-STF
----------------	--	---------------	---------

Áfangalýsing

TIG 133 TIG-suða

Undanfari: HSU 102, 202 **Samhliða:** HSU 302 **Æskileg námsönn:** 6.

Nemendur læra að undirbúa og sjóða TIG-suðu á kol- og kolmangan stáli og ryðfríu stáli svo þeir geti soðið efnisþykktir 1 – 3 mm í plötu með gegnumsuðu frá annarri hlið í suðustöðum PA, PC og PF samkvæmt gæðaflokki C (ÍST EN 25817). Þeir læra að sjóða rör í láréttri og lóðréttri stöðu og þekkja notkun bakgasbúnaðar. Ennfremur verða þeir færir um að skipuleggja suðuverkefni m.t.t. krafna um gæði, öryggi og umhverfi. Nemendur geta soðið eftir suðuferlislýsingum.


Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að **þekkja:**

- gastegundir og gasblöndur sem notaðar eru við suðu á ryðfríu stáli
- bakgas og bakgasbúnað
- hlutverk hlífðargassins og réttar stillingar þess
- mismunandi gerðir rafskauta
- alla hluta suðubyssunnar og leiðara
- virgni suðutækja
- ljósbogann og mismunandi straumferla
- háspennu og hátíðnitækni í TIG-suðuvélum
- aðferðir við hreinsun á yfirborði suðu
- öryggismál:
 - öryggisreglur varðandi hreinsiefni
 - helstu hættur og varúðarráðstafanir vegna geislunar, hita, reyks, ósonmyndunar
- og eldfimra efna
 - hlífðarfatnað og hlífar

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að **geta:**

- stillt suðutækin þannig að henti efni og suðurauf
 - valið vír á eigin spýtur m.t.t. efnis og suðuraufar
 - stillt gasflæði, valið gashulsu og skaut m.t.t. efnis og straumstyrks
 - soðið í suðustöðum PA, PC og PF í plötu
 - soðið rör í láréttri og lóðréttri stöðu
 - soðið eftir suðuferlislýsingum
 - mælt og skráð viðeigandi upplýsingar varðandi suðuverkefnið, straumstyrk, raufarstærð og aðrar upplýsingar fyrir suðuferlislýsingar
 - sinnt viðhaldi fylgibúnaðar suðuvéla
- uppfyllt reglur um öryggismál

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	TIG 133	
	Vorönn 2012	

Námsgögn:

Kennslubók í Tig suðu. Útgefandi lðan fræðslusetur 2007.

Ljósrit frá kennara.

Fræðslumyndbönd um Tig suðu.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Yfirferð og verkefni
2	TIG suða: Sýning á myndbandi frá framleiðanda TIG-suðuvéla, farið yfir stillingar á vélum, hlífðargasi og öryggisþætti.
2-5	TIG suða: Nemendur gegnumsjóða 3mm járnplötur öðrumegin frá í suðustöðum: PA - BW, PC – BW og PF – BW.
6-8	TIG suða: Nemendur sjóða lárétta stúfsuðu í l-rauf. Lárétta kverksuðu og utan á horn í ryðfrítt efni 0,8 til 2 mm.
9-16	TIG suða: Nemendur sjóða 2"rör járn og ryðfrí í suðustöðum PF og HL-045.
17	TIG suða: <u>Upprifjun á efni annarinnar</u>

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Frammistaða á önn	Annarstarf og áfangapróf (vinnuáhugi, umgengni, umhirða tækja).	75%
Verklegt	Verklegt próf í lok áfangans.	25%
Leyfð hjálpargögn í prófi	Öll almenn suðu- og smíðatól.	
<p>Annað:</p> <p>90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.</p> <p>Sé nemandi vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka. Verður sú umsókn að koma fram ekki seinna en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistarmörk.</p>		

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils